

GJALDSKRÁ

fyrir losun á seyru úr rotþróum í Húsavíkurbæ.

1. gr.

Árlegt gjald vegna losunar á seyru skal vera eftirfarandi:

- a) Rotþró allt að 1800 lítra kr. 3.517.
- b) Rotþró allt að 3500 lítra kr. 4.400.
- c) Rotþró allt að 6000 lítra kr. 5.830.
- d) Rotþró allt að 9000 lítra kr. 6.090.

Þar sem fleiri en eitt hús eru um hverja rotþró skal skipta gjaldinu jafnt á milli þeirra.

2. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá samanber samþykkt bæjarráðs frá 16. janúar 2003 og staðfestingu bæjarstjórnar 21. janúar 2003 er sett skv. samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Reykjahreppi nr. 924/2000. Samþykktin gildir fyrir sameinað sveitarfélag, Húsavíkurbæ og öðlast þar gildi.

Húsavík, 15. janúar 2003.

Vígfús Sigurðsson deildartæknifræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

Breiðumýri og norðanvert Sviðholt.

Hreppsráð Bessastaðahrepps samþykkti þann 6. febrúar 2003 breytingu á deiliskipulagi við Breiðumýri og á norðanverðu Sviðholti í Bessastaðahreppi.

Breytingin nær til götunnar Birkiholt við Breiðumýri. Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir 68 íbúðum í rað- og fjölbýlishúsum í stað 60 í gildandi deiliskipulagi. Einnig breytast byggingarreitir og færast til.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 6. febrúar 2003.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.